

82. ársþing UMSK

82. ársþing UMSK var haldið fimmtudaginn 9. febrúar í Garðalundi, Garðabæ. Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið kl. 18.00. Hann bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þingsins og vatt sér síðan í hefðbundin þingstörf. Valdimar stakk upp á Erlingi Ásgeirssyni sem fyrsta þingforseta og Gunnari Erni Erlingssyni sem öðrum þingforseta.

Tillaga Valdimars var samþykkt með lófataki og tóku þeir þegar til starfa.

Erling Ásgeirsson þakkaði það traust sem honum hlotnaðist og bar því næst upp tillögu um að Margrét Björnsdóttir og Hannes Jónsson mundu rita þinggerð.

Tillaga um þingritara var samþykkt með lófataki.

Þá bar Erling upp tillögu um þriggja manna kjörbréfanefnd, en þeir Hafsteinn Pálsson, Kristján Jónatansson og Árni Halldórsson voru *kosnir samhljóða í þá nefnd.*

Að kosningum afloknum gaf þingforseti Valdimari Leó formanni UMSK orðið og lagði hann skýrslu stjórnar fram. Skýrslan lá prentuð frammi og rakti Valdimar það helsta í starfi sambandsins á síðastliðnu starfsársi og helstu viðburði sem sambandið tók þátt í. Hann þakkaði þeim sem tóku þátt í starfinu sem og öllum keppendum UMSK á Unglingalandsmóti sem að þessu sinni var haldið í Vík í Mýrdal um verslunarmannahelgina, þar mættu um 130 keppendur ásamt fjölskyldum sínum og má ætla að hópurinn frá UMSK hafi talið um 400 manns.

Formaður greindi frá nýju félagi sem stjórn UMSK hefur samþykkt að taka inn í samandið en það er Vélhjólaíþróttaklúbbur Mosfellsbæjar (Motomos). Valdimar sagði það góða viðbót við þá íþrótttaflóru sem væri undir hatti UMSK. Fyrir þinginu liggur tillaga um að staðfesta aðild þessa félags í sambandið.

Að lokum kom fram hjá formanni að í júlí árið 2007 verði haldið Landsmót í Kópavogi. Kosið hafi verið í landsmótsnefnd og er Bæjarstjóri Kópavogs, Gunnar I. Birgisson formaður hennar. Nefndin hefur ráðið Björn Hermannsson sem framkvæmdastjóra mótsins. Vegna Landsmótsins hefur verið ákveðið að byggja nýja stúku við Kópavogsvöll í Kópavogsdal og ýmsar lagfæringer verði gerðar við íþróttamannvirkni í Kópavogi. Formaður sagði einnig að UMSK hafi fjórum sinnum unnið heildarstigakeppni Landsmóts og það sé að sjálfsögðu stefna sambandsins að sigra mótið í Kópavogi.

Því næst voru endurskoðaðir reikningar lagðir fram. Birgir Ari Hilmarsson, framkvæmdastjóri UMSK las upp reikningana og útskýrði.

Ávörp gesta:

Lárus Blöndal, stjórnarmaður ÍSÍ flutti kveðjur framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Hann þakkaði fyrir mikið, óeigingjarn og öflugt starf íþróttafélaganna og sagði að kröfurnar til starfa væru alltaf að aukast hvað varðar húsnæði o. fl. Hann þakkaði þeim fullrúum grásrótarinnar fyrir gott starf sem staddir voru á þinginu. Hann benti á þá miklu uppbyggingu íþróttamannvirkja sem orðið hefur í Garðabæ og tók sem dæmi golfvöllinn. Lárus fagnaði því að þingið færi fram í Garðabæ og færði hann góðar þakkir til Stjörnunnar, GKG og Andvara í Garðabæ en þessi félög hafa náð því að komast í hóp fyrirmundarfélaga ÍSÍ.

Í máli hans kom fram að dagana 28. og 29. apríl verður 68. Íþróttabing ÍSÍ haldið í Reykjavík. Þar mun fara fram forsetakjör en Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér aftur.

Björn B. Jónsson, formaður UMFÍ, hóf mál sitt á því að hrósa Garðbæingum fyrir fallegan bæ.

Nú styttrist í 25. Landsmót UMFÍ í Kópavogi og sagði mikla spennu fyrir það móti. Hann væntir glæsilegs Landsmóts í Kópavogi en árið 2007 verður UMFÍ 100 ára og UMSK 85 ára. Þessara tímamóta verður minnst í dagskrá Landsmótsins. Landsmótið verður sett 5. júlí 2007 kl. 20.00.

Næsta unglingalandsmót verður haldið um næstu verslunarmannahelgi á Laugum í Þingeyjarsýslu. Mótið verður síðan á Höfn í Hornafirði árið 2007. Þá hefur verið ákveðið að 26. Landsmót UMFÍ verði haldið á Akureyri árið 2009 en þá verður minnst 100 ára afmæli Landsmóta UMFÍ.

Björn rakti í gráfum dráttum þau verkefni sem hafa verið á höndum UMFÍ sl. ár og sagði meðal annars 30-40 íslensk ungmenni í Danmörku á vegum NSU og að UMFÍ hafi verið að vinna með verkefnið "Blátt áfram" sem er baráttá gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum. Það verkefni komi sennilega til með að fara til annarra aðila síðar á árinu. Ómar Bragi Stefánsson hefur verið ráðinn sem landsfulltrúi UMFÍ.

Hreinsunarverkefni sem er framlag til umhverfismála komi sennilega inn núna á næstunni.

Björn kom að húsnæðismálum UMFÍ sem búið er að sprengja utan af sér núverandi húsnæði. Gistinætur í þjónustumiðstöðinni eru nálægt 6.000 á ári. Verið væri að skoða möguleika á flutningi í annað og betra húsnæði, hvort sem það yrði byggt nýtt hús eða fest kaup á notuðu húsnæði. Í máli Björns kom fram að enginn hörgull virtist vera á sjálfboðaliðum, vakning væri í þjóðfélaginu við sjálfboðastörf. Kenna þarf þessu fólk faglega hvernig að starfa í stjórnum sem og að vera leiðtogi og væri Leiðtogaskólinn ætlaður til þess.

Álit kjörbréfanefndar

Hafsteinn Pálsson formaður kjörbréfanefndar las upp kjörbréf aðildarfélaga.

31 félag eru aðildarfélög að UMSK og lögðu 18 þeirra fram kjörbréf eða 60 þingfulltrúar af 116 sem hafa seturétt á þinginu mættu. Álit kjörbréfanefndar var samþykkt samhljóða.

Síðan bar þingforseti upp tillögu um staðfestingu á aðild nýs félags að UMSK en aðild Vélhjólaklúbbs Mosfellsbæjar (Motomos) var borinn upp til samþykktar.

Aðild félagsins var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Umræður um skýrslu stjórnar

Pétur Hrafn Sigurðsson, Breiðabliki spurði um starf sérnefnda innan UMSK. Hvað þurfi til að stofna sérnefndir og hvort þær séu lítið virkar. Hans skoðun sé sú að stofna sem flestar sérnefndir og virkja þær.

Kristján Sveinbjörnsson, Álfтанesi þakkar mjög góða skýrslu. Sagði hann framtíðina bjarta í íþróttafélögunum og að sveitarfélögin leggi sig í líma við að byggja upp íþróttamannvirki.

Valdimar L. Friðriksson, formaður svarar fyrirspurn varðandi sérnefndir og segir þær ekki hafa verið virkar um árabil. Félögin hafi verið það sterk að ekki hafi verið bein þörf fyrir þær.

Fundarritari bar upp skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga félagsins.

Fundurinn samþykkti hvorutveggja einróma.

Anna Friðrika Árnadóttir, formaður ungmennaráðs UMFÍ kom í pontu og kynnti starfsemi Ungmennaráðs UMFÍ. Hún sagði einnig frá ungmannaviku NSU fyrir fólk á aldrinum 16-25 ára, leiðtugaskóla NSU fyrir fólk á aldrinum 18-25 ára og útlífsviku NSU sem verður haldin í Noregi fyrir fólk á aldrinum 18-35 ára. Þá sagði hún frá sex dönskum íþróttalyðháskólum sem UMFÍ hefur samstarf við og að á árinu 2007 verði haldin ungmennaráðstefna.

Matarhlé í boði Garðabæjar

Í þinghléi ávarpaði Erling Ásgeirsson forseti bæjarstjórnar í Garðabæ þingfulltrúa. Hann bauð viðstadda velkomna til Garðabæjar og rakti það helsta sem er að gerast á íþróttasviðinu í bænum. Þá bauð hann fundarmenn að þiggja kvöldverð í boði bæjarins.

Valdimar L. Friðriksson notaðið þinghléið til að afhenda viðurkenningar til afreksmanna á sviðum íþrótt- og félagsmála.

Valdimar afhenti eftirtaldar viðurkenningar:

Dansbikar UMSK,

Haukur Freyr Hafsteinsson og Denise Margrét Yaghi, Hvönn

Fimleikabikar UMSK

Víktor Kristmannsson, Gerplu

Frjálsíþróttabikar UMSK,

Halldór Láruson, Aftureldingu

Sundbikar UMSK,

Lára Hrund Bjargardóttir, Breiðabliki

Skíðabikar UMSK

Sindri Már Pálsson, Breiðabliki

UMFÍ-bikarinn

Meistraflokkur Breiðabliks, knattspyrna kvenna.

Afreksbikar UMSK

Þóra Björg Helgadóttir, Breiðabliki

Félagsmálaskjöldur UMSK

Kristján Erlendsson, Gerplu

Starfsmerki UMSK

Gunnlaugur Sigurðsson	GKG
Hildur Ásbórsdóttir	Breiðabliki
Ásgeir Magnússon	Breiðabliki
Gyða Kristmannsdóttir	Stjörnunni
Eysteinn Haraldsson	Stjörnunni
Pálína Hinriksdóttir	Stjörnunni
Elísabet Böðvarsdóttir	Stjörnunni

Sifurmerki UMSK

Páll Bragason, Stjórnunni
 Erling Ásgeirsson, Stjórnunni
 Birgir Ari Hilmarsson, Ými

Gullmerki UMSK

Davíð B. Sigurðsson, Aftureldingu

Fundi framhaldið kl. 19:45

Gengið var aftur til dagskrár fundarins að afloknum afhendingum verðlauna og bað Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir um orðið. Hún kom með þá tillögu að ekki væri skipað í nefndir vegna þingmála að þessu sinni því þau mál sem fyrir liggi eru fá og góð og krefjast ekki yfirveru nefnda.

Tillagan var samþykkt.

Samkvæmt dagskrá fundarins þarf að kjósa 3ja manna kjörnefnd. Þingforseti bar upp tillöga um, Snorra Olsen, Andrés Pétursson og Kristján Sveinbjörnsson.

Samþykkt samhljóða.

Þingtillögur

Þingskjal nr. 1. Fjárhagsáætlun 2006.

Fjárhagsáætlun 2006 lögð fram. Frummælandi Birgir Ari Hilmarsson, framkv.stj. UMSK.

Þingskjal nr. 1

Fjárhagsáætlun 2006

Rekstrartekjur:

Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	2.000.000
Lottó UMFÍ og ÍSÍ	24.000.000
Greiðsla frá UMFÍ	800.000
Skattar aðildarfélaga	800.000
Getraunir	1.000.000
Tjaldleiga	400.000
Alls	29.000.000

Rekstrargjöld:

Skrifstofa og rekstur	5.600.000
Þing og sérráð	500.000
Lottó til aðildarfélaga	18.350.000
Afreksmannasjóður	2.050.000
Skattur til UMFÍ	350.000
Gjafir og viðurkenningar	150.000
Kostn. v/ héraðsmóta	600.000
Lagt í landsmótssjóð	800.000
Unglingalandsmót	600.000
Alls	29.000.000

Engar laga- og reglugerðarbreytingar lágu fyrir fundinum.

Valdimar Leó Friðriksson formaður bar upp aðrar tillögur frá stjórn, þær lágu frammi á þingskjölum nr. 2, 3, 4, 5 og 6.

Þingskjal nr. 2

82. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir góðan stuðning við íþróttastarf á sambandssvæðinu. Þingið hvetur sveitarstjórmir til að halda áfram og efla enn frekar beinann stuðning til iökenda og bendir í því sambandi á hið mikla forvarnargildi sem í íþróttaiðkun fellst.

Þingskjal nr. 3

82. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að nýta sér í auknu mæli Íslenskar getraunir til fjároflunar.

Þingskjal nr. 4

82. Ársþing UMSK... óskar þeim deildum og félögum innan sambandsins til hamingju sem fengið hafa gæðaviðurkenninguna "Fyrirmynndarfélag ÍSÍ". Þá hvetur þingið önnur félög til að stefna að því að fá þessa viðurkenningu. Jafnframt eru þau félög sem hafa fengið viðurkenninguna hvött til að halda áfram því góða starfi sem þar er unnið.

Þingskjal nr. 5

82. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 30 á félagsmenn 16 ára og eldri og ekkert verði greitt fyrir félagsmenn yngri en 16 ára.

Þingskjal nr. 6

82. Ársþing UMSK... hvetur félagsmenn til almennrar þátttöku í 9. Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið verður á Laugum í Þingeyjasýslu um verslunarmannahelgina.

Hafsteinn Guðmundsson Dansféluginu Hvönn talaði gegn tillögu á þingskjali nr. 5 sem hljóðar upp á lækkun skatta til UMSK. Hafsteini fannst út í hött að lækka þessi gjöld. Valdimar svarði því til að skattar væru nú fyrir 16 ára og eldri 40 krónur á einstakling en 10 krónur á einstakling undir 16 ára og því væri ekki um stórar upphæðir að ræða.

Þingforseti bar nú hvert og eitt þingskjal upp til atkvæða.

Þingskjal nr. 2 var samþykkt samhljóða,

Þingskjal nr. 3 var samþykkt samhljóða,

Þingskjal nr. 4 var samþykkt samhljóða,

Þingskjal nr. 5 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu,

Þingskjal nr. 4 var samþykkt samhljóða,

Birgir Ari Hilmarsson, framkvæmdastjóri bað því næst um orðið. Hann greindi frá því að með samþykkt á þingskjali 5 þurfi að gera breytingar á þingskjali nr. 1 þar sem skattar aðildarfélaga lækka um nálægt 200.000 með þessari samþykkt.

Birgir lagði því fram breytingartillögu á fjárhagsáætlun þess eðlis að:

Útbreyðslustyrkur ÍSÍ fari úr 2.000.000,- og verði 2.100.000,-
Skattar aðildarfélaga fari úr 800.000,- og verði 600.000,-
Þing og sérráð fari úr 500.000,- og verði 400.000,-

Breytingartillaga Birgis var samþykkt samhljóða og lagði þingforseti því næst fram þingskjal 1 með áorönum breytingum.

Þingskjal nr. 1

Fjárhagsáætlun 2006

Rekstrartekjur:

Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	2.100.000
Lottó UMFÍ og ÍSÍ	24.000.000
Greiðsla frá UMFÍ	800.000
Skattar aðildarfélaga	600.000
Getraunir	1.000.000
Tjaldleiga	400.000
Alls	28.900.000

Rekstrargjöld:

Skrifstofa og rekstur	5.600.000
Þing og sérráð	400.000
Lottó til aðildarfélaga	18.350.000
Afreksmannasjóður	2.050.000
Skattur til UMFÍ	350.000
Gjafir og viðurkenningar	150.000
Kostn. v/ héraðsmóta	600.000
Lagt í landsmótssjóð	800.000
Unglingalandsmót	600.000
Alls	28.900.000

Þingskjal nr. 1 fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Enginn hvað sér hljóðs undir liðnum önnur mál og var því gengið til kosninga.

Andrés Pétursson lagði fram tillögur kjörnefndar um Valdimar Leó Friðriksson sem formann til eins árs.

Samþykkt með lófataki

Því næst gerði hann tillögu um Sævar Kristjánsson og Einar Jóhannsson sem stjórnarmenn til tveggja ára.

Samþykkt með lófataki

Þá lagði hann til að Svanur M. Gestsson, Margrét Björnsdóttir og Hannes Jónsson sætu í varastjórn til eins árs.

Samþykkt með lófataki

Að lokum lagði hann fram tillögu um Gunnar Pál Pálsson og Kristján Sveinbjörnsson sem skoðunarmenn reikninga og að þeir Hafsteinn Pálsson og Logi Kristjánsson væru skoðunarmenn til vara.

Samþykkt með lófataki

Samþykkt var að vísa til formannafundarkosningu 22ja fulltrúa UMSK á íþróttáþing skv. lögum ÍSÍ.

Þingforseti þakkað þá þingfulltrúum fyrri gott þing og gaf Valdimar Leó Friðrikssyni formanni UMSK orðið.

Valdimar þakkaði fyrir sig og kynnti nýjaráðinn framkvæmdastjóra Landsmóts 2007 í Kópavogi, Björn Hermannsson og sleit síðan þingi með orðunum:
“Vonandi eigung við gott ár framundan, takk fyrir”.

*Margrét Björnsdóttir
1. þingritari*

*Hannes Jónsson
2. þingritari*